

M A R S 2 0 1 6



ÞEGAR ÞÚ SYNGUR...

Þegar þú syngur flæðir tónlistin í gegn um allan líkamann og hefur bæði áhrif þig andlega og líkamlega. Einnig er mjög spennandi og gefandi að syngja í hóp, og það vita þeir sem hafa sungið í kór. Það gerist eitthvað mjög innilegt, hljóð kviknar innra með þér, þú deilir því með hópi af fólki og það endurkastast til baka sem eitthvað ennþá meira spennandi þ.e. Samhljómur Það er því ekkert skrytið að kórsöngur fari vaxandi.

Samkvæmt upplýsingum frá Chorus America eru 32,5 milljón fullorðnir í kórum, sem er aukning um 10 milljónir á síðastliðnum 6 árum.

Hvað er á döfinni?

9. mars kl. 13:00
Árshátíð grunnskólans

9. mars kl. 15:30
Árshátíð grunnskólans

10. mars kl. 17:00
Stóra upplestrarkeppni í Garði í Gerðaskóla

12. mars kl. 17:00
Formleg setning
Menningarviku í
Grindavíkurkirkju

14. mars kl. 17:30
Kaffihúsatónleikar

14 – 18 mars
Prófavíka

19 – 28 mars
Páskafrí

28. mars
Starfsdagur kennara

31. mars
Sjúkrapróf



ÞAÐ ER GAMAN AÐ SYNGJA!!

Hvað heitir þú og á hvaða hljóðfæri kennir þú?

Ég heiti Rósalind og kenni söng, fræðigreinar og er einnig með barnakór.



Hvað hafa nemendur þínir verið að gera ?

Nemendur frá mér eru búnir að koma fram á mismunandi vettvangi í vetur, m.a. á kaffihúsatónleikum í tónlistarskólanum, sungið í upplestrarkeppni í Garði, komið fram á árshátíð grunnskólans og tekið þátt í árshátíðarleikriti sem einnig var í grunnskólanum ásamt hefðbundnum tónleikum tónlistarskólans.



Hvað er mest spennandi við söngnámi?

Röddin er náttúrulega ótrúlega heillandi hljóðfæri, hægt er að beita henni á svo mismunandi hátt með mismundandi raddbeitingu. Allt frá þungarokki til óperu.



Hvað er framundan hjá nemendum?

Nemendur eru nýbúnir í prófum núna og það sem er næst á dagskrá hjá þeim eru vortónleikar.





Á kaffihúsaskemmtun í Tónlistarskólanum sem haldin var mánudaginn 14. mars sl. stigu nemendur tónlistarskólans á stök og fluttu fjölbreytt dægurlög fyrir gesti og gangandi.

